

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur	Dagsetning:	12. janúar 2023	Tími: 12:00 – 13:30
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og Teams		
Fundarstjóri:	KS		
Ritari:	BÞ		
Á fundinn mættu:	Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Bergþóra Þorkelsdóttir (BÞ), Björgvin Víkingsson (BV), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Ingileif Oddsdóttir (IO), Kristján Sverrisson (KS) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins		
Fjarverandi:	Díana Óskarsdóttir (DÓ)		

Fundargerð stjórnarfundar FFR 12. janúar 2023

1. Fundargerð stjórnarfundar 1. desember 2022

Fundargerð stjórnarfundar 1. desember sl. samþykkt.

2. Kjaramál

Skýrsla Talnakönnunar um samanburð á kjörum forstöðumanna ríkisstofnana við nokkra viðmiðunarhópa barst rétt fyrir fundinn. Niðurstöður eru athyglisverðar og hafa nýst vel í samtali félagsins við KMR um launakjör forstöðumanna. KS greindi í framhaldinu frá aðdraganda hækkunar á launatöflu forstöðumanna um áramótin. Umræður spunnust um skýrsluna og næstu skref. Ákveðið að senda skýrsluna til félagsmanna til kynningar.

Umræður um frammistöðumat og persónubundin laun forstöðumanna en innan KMR er hafinn undirbúningur að slíku kerfi. Stjórnarmenn sammála um að mikilvægt sé að FFR taki þátt í þeirri vinnu og því velt upp hvort ætti að fá utanaðkomandi aðila með í þá vinnu. Að endingu voru umræður um grunnmatskerfið og stöðuna á endurmati á því.

3. Félags- og fræðslustarf

Eftirfarandi er í farvatninu:

- Heimsókn félagsmanna til Hafrannsóknastofnunar í febrúar.
- Vorferð í lok apríl eða byrjun maí.
- Framhald á samvinnu FFR og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála í HÍ um morgunverðarfundi.

4. Húsnæðismál

FFR stendur til boða að leigja áfram húsnæði hjá Neytendasamtökunum og verður gengið frá nýjum leigusamningi innan skamms.

5. Heimasíða FFR

Heimasíða FFR þarfnast uppfærslu og endurskoðunar. Ákveðið að hefja þann leiðangur.

6. Önnur mál

Vangaveltur um hvort tilefni sé til þess að endurtaka fjölmiðlanámskeið fyrir forstöðumenn sem haldin voru fyrir nokkrum árum. Þátttakendur létu vel af námskeiðinu enda sérhannað fyrir forstöðumenn.